Hafnarfjarðarbær
Innk: 12/5 2015
Málsnr: 1505437
Bréfal: 224.1

Hafnarfjarðarbær
Haraldur Líndal Haraldsson
Strandgötu 6
220 HAFNARFIRÐI

MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 101 Reykjavík
sími:545 9500 postur@mrn.is
menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 7. maí 2015
Tilv.: MMR15040217/5.2

Á fundi mennta- og menningarmálaráðherra með fulltrúum Hafnarfjarðabæjar, þriðjudaginn 5. maí sl. var fjallað um málefni Iðnskólans Í Hafnarfirði og fyrirhugaða sameiningu við Tækniskólann ehf. Eins og fram kom á fundinum er gert ráð fyrir áframhaldandi starfsemi á vegum hins sameinaða skóla í Hafnarfirði. Á fundinum var ákveðið að stofna starfshóp til þess að greina húsnæðisþörfina og gera tillögu um framtíðarfyrirkomulag húsnæðismála vegna starfsemi hins sameinaða skóla í Hafnarfirði. Starfshópinn skipi fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Hafnarfjarðarbæjar og fulltrúi hins sameinaða skóla, skipaður af Tækniskólanum ehf. og skipar hver aðili einn fulltrúa. Mælst er til þess að starfshópurinn skili áliti fyrir áramótin 2015/2016.

Þess er hér með óskað að Hafnarfjarðarbær tilnefni einn fulltrúa í starfshópinn.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið greiðir ekki sérstaklega fyrir störf í starfshópnum.

Mælst er til þess að tilnefningin berist ráðuneytinu hið fyrsta og eigi síðar en 15 maí nk. Vinsamlegast látið kennitölu, heimilisfang og netfang tilnefndra aðila fylgja.

Fyrir hönd ráðherra

Ásta Magnúsdóttir　　　　Gísli Þ. Magnússon